Nr. 28.
13.
sept.

# Lög

um

## að stofna slökkvilið á Seyðisfirði.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á Seyðisfirði skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu skyldir að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivjelar og önnur slökkvitól, eptir boði bæjarfógetans eður yfirboðara þess, sem af bæjarstjórninni verður settur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eða takmarka eldinn, eða aðstoðarmanni hans.

Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki amtmanns reglugjörð fyrir slökkviliðið, og má í henni ákveða sektir allt að 20 kr. fyrir brot gegn ákvæðum hennar, er renni í bæjarsjóð.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er ræðir um í 2. gr., skal farið sem með opinber lögreglumál.

Eptir þessa eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 13. september 1901.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***
(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 28.
13de
Septbr.

om

## Oprettelsen af et Brandkorps i Seydisfjord.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Seydisfjord skal der oprettes et Brandkorps.

§ 2.

Alle de af Byens Indvaanere, som dertil findes dygtige, skulle være pligtige til at møde 4 Gange aarlig for at øve sig i Brugen af Sprøjter og andre Slukningsredskaber efter nærmere Bestemmelse af Byfogden eller den af Byraadet beskikkede Anfører for Brandkorpset. I Ildebrandstilfælde skulle alle arbejdsføre Mandspersoner i Byen være pligtige til at indfinde sig paa Brandstedet og der udføre alt, hvad der maatte blive dem befalet af den, der forestaar Slukningsforanstaltningerne, eller af hans Medhjælpere.

Byraadet affatter og indstiller til Amtmandens Approbation et Regulativ for Brandkorpset. For Overtrædelse af Regulativets Bestemmelser kan der fastsættes Bøder indtil 20 Kr., der tilflyde Kommunens Kasse.

§ 3.

Sager i Anledning af Overtrædelser af det i § 2 omhandlede Regulativ behandles om offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de September 1901.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 13de September 1901.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*